



Guðjón Guðmundsson, f. 27. 9. 1894, d. 2. 12. 1941

Fæddur að Kirkjulandi í Landeyjum, Rangárvallasýslu.- Foreldrar: Málfríður Erlendsdóttir og Guðmundur Guðmundsson, form. Frá Ey í Vestmannaeyjum.

Eiginkona: Steinþóra Grímsdóttir, f. 16. 4. 1896, d. 17. 5. 1987, bónda á Nikhóli í Mýrdal, V. Skaftafellssýslu, Sigurðssonar og k.h. Vilborgar Sigurðardóttur, ljósmóður.

Börn: Guðjóns og Steinþóru: Steingrímur, f. 29. 9. 1924, d. 26. 11. 2011, skrifstofumaður, Eyjólfur, f. 17. 6. 1926, d. 10. 8. 2011 skipstjóri og Guðjón, f. 10. 8. 1932, d. 19. 5. 2016, verslunarstjóri.

Guðjón Guðmundsson settist í Stýrimannaskólann í Reykjavík 1917 og lauk farmanna- og eimvélaprófi 1919.

Var fyrst á opnum bátum og skútum. Var háseti á bv. Kára Sólmundarsyni, stýrimaður á bv. Vínlandi, Gulltoppi og Karlsefni. Tók við skipstjórn á bv. Sviða GK 7, 1928 og var á honum til dauðadags. Fórst með bv. Sviða GK 7, 2. des. 1941.

Heimild: Skipstjóra og Stýrimannatal, Ægisútgáfan Reykjavík 1979.
gardar.is

Togarinn Sviði frá Hafnarfirði fórst annan desember 1941 út af Snæfellsnesi með 25 manna áhöfn. Hann var á heimleið af Vestfjarðamiðum með fullfermi. Fjórtán konur urðu ekkjur og 46 börn föðurlaus. Heimild: Mbl. 2. Des 2011.

<https://timarit.is/page/1245094#page/n1/mode/2up>

G. Anna Eyjólfsdóttir tók saman ágúst 2021.